

Reykjavík, 5. Maí 2017

Athugasemdir No Borders Iceland vegna breytinga á lögum um ríkisfang

Samtökin No Borders Iceland fagna því að yfir standi endurskoðun á lögum um ríkisfang, og að þeim skuli breytt að einhverju leyti til batnaðar. Hins vegar þykir samtökunum að endurskoðunina ætti að nýta til þess að ganga miklu lengra í að bæta þetta kerfi mismununar og misskiptingu gæða á grundvelli þjóðernis og uppruna, sem kerfi byggt á landamærum og ríkisfangi í núverandi mynd nauðsynlega er og verður.

Ríkisfangið, eða ríkisborgararétturinn, sem hugmynd og lagalegt hugtak, eins og það er sett fram í íslensku réttarkerfi, og víðar, býr til tækifæri til þess að neita þeim sem ekki njóta sömu réttarstöðu um ýmis sjálfsögð réttindi. Þar á meðal er rétturinn til þess að lifa og starfa á landinu. Almennt mæla samtökin með því að viljugum sé gert auðveldara að komast í þessa æðstu réttarstöðu á færi íslensks almennings, að gerast íslenskir ríkisborgarar, eða öðrum kosti að njóta sömu eða svipaðrar réttarstöðu og íslenskir ríkisborgarar gera.

Þá kemur fram í lögnum sem stendur til að breyta mjög alvarleg mismunun á milli hópa útlendinga, þar sem lögbundin eru ójöfn tækifæri norræns fólks og annarra útlendinga. Gangi lögin svo langt að gera jafnvel greinarmun á þeim sem fæðast norrænir ríkisborgarar og öðrum sem öðlast norrænan ríkisborgararétt, með lögum (þá í flestum tilfellum fólk með uppruna að rekja annað - sjá t.d. 14. gr. B1). No Borders Iceland gera þá sjálfsögðu kröfu til löggjafans að hann fari eftir og hagi lagasetningum í samræmi við jafnræðisregluna og bann við mismunun á grundvelli þjóðernis og uppruna sem finna má í öllum veigameiri mannréttindasáttmálum sem Ísland er aðili að, stjórnsýslulögum og stjórnarskrá.

Eftirfarandi eru athugasemdir samtakanna um einstakar greinar frumvarpsins.

Um **2. grein** frumvarpsins:

Skv. ákvæðinu í núverandi mynd þurfa að líða þrjú ár frá fæðingu ríkisfangslauss barns og þar til hægt er að óska íslensks ríkisfangs. Eðlilegast væri í samræmi við hag

barnsins (og því barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem fjallar um öll börn, líka ríkisfangslaus) að hægt væri að óska slíks hið snarasta eftir fæðingu, en að öðrum kosti að biðin sé lágmrkuð og miðuð við 6 mánuði eða í mesta lagi eitt ár. Þá mæla samtökin með því að öll börn fædd á Íslandi, ríkisfangslaus eður ei, fái notið sambærilegs tækifæris.

Um **6. grein** frumvarpsins:

Skv. ákvæðinu þarf fullorðinn, ríkisfangslaus einstaklingur að hafa verið búsettur á landinu í fimm ár áður en hann getur sótt um ríkisborgararétt. Vegna þess mikla réttleysis sem ríkisfangsleysi felur í sér, sem og erfiðleika sem því fylgja, mælast samtökin eindregið til þess að dregið verði frekar úr þeim tíma sem þarf að líða þar til ríkisfangslaust fólk getur sótt um íslenskt ríkisfang.

Um **8. grein** frumvarpsins:

Í 8. grein er kveðið á um að rannsókn á erfðaefni geti verið krafist vegna umsóknar á íslenskum ríkisborgararétti vegna tengsla. Þetta ákvæði býður upp á mögulega mismunun ættleiddra einstaklinga og þyrfti að vera nánar tiltekið að önnur gögn verði látin nægja í slíkum tilfellum.

Þá er að finna í a lið 2. mgr. 8. greinar mismunun á grundvelli efnahags þegar lagt er á forsjáraðila barns, eða aðila sjálfan eftir 18 ára aldur, að greiða kostnað af rannsókn á erfðaefni til staðfestingar blóðtengsla. Gera þarf ráð fyrir efnaminna fólki og börnum þeirra, sem ekki getur staðið straum af kostnaðarsömum rannsóknum og gæta þess að því verði ekki mismunað vegna þess.

Um aðrar greinar laganna um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952

Mælast samtökin til þess að **2. mgr. 8 gr.** laganna verði breytt og að skýrt og skilmerkilega verði tekið tillit til þess tíma sem flóttamenn og aðrir umsækjendur um hæli hafa þurft að bíða svara vegna hægagangs í kerfinu, og að sá biðtími verði metinn sem lögleg dvöl í landinu í þessu samhengi. Leiða má líkur að því að vilji löggjafans hafi verið á þá leið á sínum tíma þegar þessu ákvæði var bætt inn, en orðalagið kann að vera of óskýrt til þess að það skili sér til framkvæmdavaldsins og skjólstæðinga þess.

Afnema ætti seinkanir á möguleikum til umsókna skráðar í **6. mgr. 9. gr.** þegar um er að ræða óverulega refsingu og því refsiverða háttsemi sem engum stafar hætta af. Í það minnsta þyrfti að uppfæra sektarfjárhæðir í samræmi við verðbólgu og því hærri fjárhæðir sekta.

Við endurskoðun teldu samtökin eðlilegt að endurskoðuð yrði, í nánu samráði við hagsmunafélög fatlaðra og geðfatlaðra, **3. mgr. 15. gr.** laganna, um að forsjarmaður geti ekki sótt um eða gefið út yfirlýsingu vegna ríkisborgararéttar fyrir hönd ósjálfráða einstaklings yfir átján ára aldri. Var ákvæði þessu bætt inn í lögum með lagabreytingum árið 2003 (Lög um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952 (tvöfaldur ríkisborgararéttur), nr. 9 24. febrúar 2003.). Ekki er að sjá að veittur hafi verið viðunandi rökstuðningur fyrir breytingunni, að forsendur hennar hafi verið skoðaðar til hlítar, eða að leitast hafi verið eftir samráði við hagsmunafélög um breytinguna. Fyrir henni kunna að liggja góðar og gildar ástæður, enda getur það haft mikil áhrif á líf einstaklings að taka upp nýtt ríkisfang. Á sama tíma getur það einnig haft mikil og veruleg neikvæð áhrif að vera búsett/ur á Íslandi og hafa ekki íslenskan ríkisborgararétt. Ef ósjálfráða einstaklingi eldri en 18 ára er ófært að óska þess sjálf/ur virðist samtökunum að gætu skapast aðstæður þar sem eðlilegt væri að forsjáraðila væri gert kleift að óska þess fyrir hönd þeirra. Hagsmunasamtök gætu leiðbeint um nauðsynlega fyrirvara.